



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## Skólanefnd

### 1. fundur

Fyrsti fundur Skólanefndar haldinn í Reykjahlíðarskóla 16.nóvember 2010 kl. 17.00

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Friðrik Jakobsson var fjarverandi og enginn varamaður fyrir hann. Fulltrúi kennara Sigríður Sigmundsdóttir, Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri, Svavar Sigurðsson tónlistarskólastjóri. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri og Auður Jónsdóttir komu síðar inn á fund.

#### 1. Fundarsetning.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og skipaði Sigurð Böðvarsson fundarritara.

#### 2. Kynning á leikskólastarfi.

Þóra Ottósdóttir sagði frá þeirri nýbreytni að bætt hefði verið við yngri börnum á leikskólann. Því væru nú 14 börn á leikskóla (19, 4 barnagildi). Fjögurra til fimm ára börn væru innan veggja grunnskólans sökum plássleysis og gengur vel. Þar eru samtals 6 börn og 1 starfsmaður með þeim. Þessi tilhögun hefur verið ákveðin fram að jólum og leggur skólanefnd til að henni verði fram haldið til 1.júní. Aldurstakmark hefur nýlega verið lækkað skv. ákvörðun sveitarstjórnar og eru yngstu börnin u.þ.b. 14 mánaða. Skólanefnd lýsti yfir mikilli ánægju með þessa breytingu og lét bóka að það væri ósk skólanefndar að þessi breyting yrði til frambúðar.

#### 3. Kynning á tónlistarskólastarfi.

Svavar Sigurðsson kynnti starfsemi tónlistarskóla. 23 börn og 1 fullorðinn eru í skólanum á haustönn. Svavari finnst forverar sínir í starfi hafa verið nægjusamir með

pláss og veltir fyrir sér hvort þeir hafi ekki kynnt sér kennslustefnu síðustu ára sem skyldi. Hann vill gjarnan koma þeirri nýbreytni á að koma nemendum í gegnum próf. Til þess þarf að auka tónfræðikennslu sem hann telur sig geta með tölvu sem tónlistarskólanum áskotnaðist frá grunnskólanum. Skólanefnd lýsti yfir mikilli ánægju yfir aukinni tónfræðikennslu sem verulega hefði vantað síðustu ár. Tónmennt er kennd í 1 – 6 bekk. Samsöngur er einusinni í viku í grunnskólanum í 10 mínútur. Skólanefnd lýsti yfir vilja til þess að samsöngur yrði aukinn með einhverju móti. Einnig varð umræða um skólakór, hvernig og hvort hægt sé að koma honum á. Svavar getur ekki bætt við sig fleiri nemendum nema hagrætt verði með hópkenndu sem hann telur þó ekki spennandi. Hann óskar eftir að tækjakostur verði bættur, t.d. verði keypt lítið hljóðkerfi og rafmagnsgítar. Upp koma á fundinum sú hugmynd að fá lánað það hljóðkerfi sem Mývetningur á, sem geymt er í íþróttahúsi og sjaldan notað. Svavar leiti eftir bestu kaupum er varða rafmagnsgítar og reynt verði hugsanlega að kaupa notað hljóðfæri. Svavar sagði að tölvusamband væri lélegt í skólastofum tónlistarskólans og spurði hvort mætti bæta það, t.d. til að auðvelda nemendum að nálgast lög og nótur af þeim, sem þeir vilja læra að spila. Skólanefnd lýsti yfir miklum vilja til þess að börn í 1 – 3 bekk lærðu öll á blokkflautu og yrði það gert í samvinnu tónlistar- og grunnskóla. Að lokum lagði Svavar til að skólaakstur og tómsfundatími eftir skóla yrði samræmdur og samþykkti skólanefnd að beina því til sveitarstjórnar að þessi möguleiki yrði skoðaður.

#### **4. Kynning á grunnskólastarfi.**

Sólveig skólastjóri kynnti starfsemi skólans sem er með svipuðu sniði og árin á undan. 48 nemendur er í skólanum í 4 bekkjardeildum og gengur skólastarf vel. Mikil jákvæðni er í gangi og skv. könnun virðist ekki um einelti að ræða í skólanum. Sólveig kynnti ýmislegt sem í gangi er s.s Olweusarverkefnið, grænfanann ofl. og vísaði í heimasíðu skólans þar sem flest það sem við kemur skólanum er að finna.

#### **5. Stefnumótun sveitarfélaga í skólamálum.**

Þuríður kynnti þennan lið. Hún bað fundarmenn að lesa yfir þau göng sem þessu fylgdi svo allir geti tekið virkann þátt í stefnumótuninni.

#### **6. Önnur mál.**

- a) Boðun fundarins. Fundarmenn lýstu yfir óánægju með hversu seint fundarboð hefði borist. Ákveðið var að halda skólanefndarfundum fyrsta mánudag í mánuði kl. 15.30.

## 7. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 19.00

Þuríður Helgadóttir

Eyþór Pétursson

Þórhalla Valgeirsdóttir

Sigurður Böðvarsson